

Leikskólinn Austurkór



Starfsáætlun 2026 – 2027

Efnisyfirlit

1. Formáli	3
2. Inngangur	3
3. Skólastarfið	4
4. Mat á skólastarfi	4
Innra mat leikskólans	4
Innra mat 2025 – 2026	6
Ytra mat	7
5. Umbótaáætlun	8
6. Áherslur í starfi leikskólans	8
7. Þróunar- og nýbreytnistarf	10
8. Foreldrasamstarf	10
Foreldraráð	10
Foreldrafélag	11
9. Starfsfólk	11
10. Símenntunaráætlun	11
Skipulagsdagar	11
11. Aðrar upplýsingar	12
12. Húsnæði og lóð	12
Skólaárið 2025 – 2026	12
13. Öryggismál	13
14. Lokaorð	13
15. Fylgigögn	13
Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun	13
Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun	13
Fylgiskjal 3 - Skóladagatal	13
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs	13

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, Menntastefnu Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

2. Inngangur

Skólaárið 2025-2026 voru 105 börn innrituð í leikskólann. Allar deildir skólans voru starfræktar. Eru það Sjónarhóll og Esja á bláa gangi, Lundur og Askja á gula gangi og Dyngja og Perla á rauða gangi. Breyting var á aldursdreifingu í barnahópnum frá fyrra ári en á öllum deildum var aldursdreifing þannig að það voru tveir árgangar á hverri deild.

Skólaárið 2025-2026 var lögð áhersla á gerð kennsluáætlana, virkt endurmat, fræðslu fyrir starfsfólk og valdeflingu. Áhersla var á að gera skólastarfið sýnilegra fyrir bæði starfsfólk og foreldra. Einnig var lögð áhersla á að vinna og styrkja allar grunnstoðir skólans með ánægju og vellíðan barna, foreldra og starfsfólks í fyrirrúmi.

Það var unnið áfram eftir einkunnarorðum skólans sem eru samvinna, lýðræði og atorka. Einnig var unnið eftir starfsaðferðum Reggio Emilia, lögð áhersla á áhugasvið barnanna, lýðræðisleg vinnubrögð og börnin eflað til sjálfshjálpar. Leikurinn, útvera og ævintýraferðir sköpuðu einnig stóran sess hjá okkur í leikskólanum. Nýbreytni var í starfi elstu barnanna hjá okkur, þau mættu einu sinni í viku í Guðmundalund og var lögð áhersla á útinám þessa daga. Börnunum var ekið af foreldrum í lundinn að morgni og gengu þau í leikskólann ásamt starfsfólki og voru ávallt komin heim fyrir nónhressingu. Þetta vakti mikla lukku bæði hjá börnum, starfsfólki og foreldrum.

Skólaárið 2026- 2027 98 börn innrituð í skólann Það verður nokkur breyting á aldursdreifingu í barnahópnum. Það verða þrír árgangar á tveim elstu deildunum, Sjónarhóli og Esju á bláa gangi, tveir árgangar á Lundi og þrír árgangar á Öskju á gula gangi og hreinn aldur á tveim yngstu deildunum Dyngju og Perlu á rauða gangi. Í júlí munu 22 börn í elsta árgangi hætta hjá okkur og hefja grunnskólagöngu. Skólaárið 2026-2027 verða 24 börn í elsta árgangi.

3. Skólastarfið

Í Austurkór viljum við að börnin sem útskrifast úr skólanum hafi öðlast færni í að vinna í hópi, hlusta á aðra, sýna virðingu og samhygð. Að börnin séu meðvituð um að þau séu virkir þegnar í þjóðfélaginu og hafi rödd sem heyrir. Þau séu atorkusöm og hafi úthald, seiglu og trú á eigin getu. Hornsteinar skólastarfsins endurspeglast í námslotum en skólaárinu er skipt upp í þrjár lotur og eru þær nefndar eftir gildum skólans, samvinna, lýðræði og atorka.

Starfsaðferðir skólans miða að því að börnin hafi áhrif á nám sitt, verkefnaval og skólaumhverfið. Samvinna er mikil á milli kennara og barna sem og í barnahópnum sjálfum og styður aldursblöndun deilda og flæðandi dagsskipulag við samkennd, umburðarlyndi, hlustun og jafningjaleiðsögn. Hægt er að lesa ýtarlega um skólastarfið í skólanámskrá skólans.

4. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í Aðalnámskrá, skólanámskrá og starfsáætlun leikskólans. Endurmat veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og Aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Austurkórs eru á núverandi stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati og matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni alls starfsfólks. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar ásamt fyrir fram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar.

Matsþættir	2026- 2027	2027- 2028	2028- 2029	2029- 2030
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi		x		x
Stjórnun skólans og daglegur rekstur		x		x
Faglegt samstarf	x	x	x	x
Leikskólaþróun og símenntun		x		x
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	x		x	
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans		x		x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara		x		x
Fagmennska starfsfólks		x		x
Starfsánægja		x		x
Leikskólabragur				
Viðmót og menning	x		x	
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	x		x	
Viðhorf foreldra	x		x	
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni	x		x	
Gagnaöflun og vinnubrögð	x		x	
Opinber birting og umræður	x		x	

Innra mat 2025 – 2026

Á vordögum 2026 var farið í heildarmat á námsþættinum læsi og samskipti. Matið var byggt á viðmiðum/gátlistum sem unnir voru af nefnd á vegum Menntasviðs. Gagnaöflun var gerð með svipuðum hætti og árið 2024-2025. Matsteymi fór inn á allar deildir og þættir metnir út frá gátlistunum og rætt var við starfsfólk. Einnig svöruðu foreldrar og starfsmenn spurningakönnun um námsþáttinn og viðtöl voru tekin við börn í leikskólanum. Matsteymi skólans vann úr niðurstöðunum og kom með tillögur um úrbætur þar sem þess reyndist þörf. Skólaárið 2026 - 2027 verður lögð áhersla á heilbrigði og vellíðan í innra mati.

Í leikskólanum er lögð áhersla á reglubundið mat á málþroska og hljóðkerfisvitund barna sem liður í snemmtækri íhlutun og forvarnarstafi.

EFI er lagt fyrir öll börn á fjórða aldursári. Framkvæmd matsins er í höndum starfsfólks leikskólans sem hefur þekkingu á notkun þess. Markmið EFI er að greina hvort börn sýni vísbendingar um frávík eða seinkun í málþroska og framburði. Ef barn kemur ekki vel út úr EFI-mati er haft samband við foreldra og niðurstöður kynntar á faglegan og skýran hátt. Í samráði við foreldra er í kjölfarið haft samband við talmeinafræðing eftir þörfum. Jafnframt er unnið með markvissum hætti innan leikskólans sem fléttast inn í daglegt starf.

Hljóm-2 er lagt fyrir öll elstu börn í leikskólanum í september. Matskerfið er notað til að leggja mat á hljóðkerfisvitund barna og greina mögulega áhættu tengda lestrarnámi.

Börn sem koma illa út úr Hljóm-2 í september eru tekin aftur í endurmat í febrúar. Ef barn kemur einnig illa út úr endurmati er haft samband við foreldra og niðurstöður kynntar. Í framhaldi er haft samband við viðeigandi sérfræðinga, svo sem talmeinafræðing eða aðra fræðinga eftir eðli niðurstaðna. Samhliða því er unnið markvisst með íhlutun innan leikskólans.

Íhlutun er einstaklingsmiðuð og miðast við þarfir hvers barns. Hún er samþætt daglegu starfi leikskólans og byggir á fjölbreyttum leiðum til að styðja við barnið. Foreldrar eru hafðir með í ráðum frá upphafi, fá skýrar upplýsingar um niðurstöður mats og eru þátttakendur í ákvörðunum um næstu skref. Ef illa gengur að vinna með barn á deild er haft samráð við lausnateymi sem ákveður næsta skref. Í lausnateymi eru deildastjóri tiltekinnar deildar, leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri. Áhersla er lögð á gott samstarf, regluleg samskipti og sameiginlega ábyrgð á velferð og þroska barnsins.

Hæfniramar í íslensku eru nýttir í leikskólanum sem stuðningstæki til að fylgjast með og efla málþroska barna. Þeir eru notaðir til að átta sig á stöðu barna í íslensku, skipuleggja markvissa málörvun og styðja við einstaklingsmiðað nám.

Hæfnirammarnir eru nýttir fyrir öll börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og eru notaðir á sveigjanlegan hátt með tilliti til aldurs, þroska og fyrri tungumálareynslu barna. Áhersla er lögð á að byggja á styrkleikum hvers barns og tryggja jafnan aðgang að náms- og leikskólaumhverfinu.

Handbók um móttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn er nýtt í leikskólanum sem leiðarvísir í móttöku, aðlögun og samstarfi við fjölskyldur. Handbókin styður starfsfólk í að skapa örugg og inngildandi samskipti við börn og foreldra og tryggja skýra upplýsingagjöf frá upphafi og gott samstarf við foreldra til að styðja við velferð og þroska barna.

Ytra mat

Tilgangur ytra mats er að tryggja gæði starfsins í leikskólanum, að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðir og Aðalnámskrár leikskóla. Ytra mat á að auka gæði náms, skólastarfs, stuðla að umbótum og tryggja að réttindi, öryggi og vellíðan barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólapúlsinn var með viðhorfskönnun meðal foreldra sem fór fram í marsmánuði 2026. Niðurstöður þeirra könnunar voru að foreldrar voru heilt yfir ánægðir með starf leikskólans. Ánægja foreldra hefur aukist á öllum sviðum hvort sem um ræðir samskipti, faglegt starf, upplýsingaflæði og eða annað sem viðkemur starfi skólans.

Kópavogsbær lagði fyrir viðhorfskönnun meðal starfsmanna og fór hún einnig fram í mars 2026. Helstu niðurstöður starfsmannakönnunar er að ánægja starfsmanna hefur aukist. Starfsfólki líður vel í vinnunni, finnur fyrir stöðuleika, að þau skipta máli og að hlustað sé á þau.

Leikskólastjóri tók starfsmannasamtöl við alla starfsmenn í febrúar 2026. Var það fyrsta viðtal af þremur og ber það titillinn "Gott að vinna". Starfsmannasamtölin byggja á mannauðstefnu Kópavogs og eru stefnuáherslur samtalsins einn vinnustaður, árangursrík samvinna og fagleg stjórnun. Niðurstöður samtalanna voru heilt yfir að starfsfólk var mjög ánægt í vinnu. Ánægja hafði aukist frá árinu áður ásamt því að samskipti, skipulag og upplýsingaflæði hafði tekið breytingum til hins betra yfir húsið.

Haustið 2025 urðu þær breytingar í sérkennslu að hún er hugsuð sem ein deild innan skólans. Í kjölfarið á starfsmannaviðtölum kom í ljós að á milli sérkennslu og deilda væru samskiptaerfiðleikar og var strax hafin vinna í að laga þá þætti sem þurfti til að skerpa á því og miðar þeirri vinnu vel áfram.

Bæði heilbrigðiseftirlitið og vinnueftirlitið komu í heimsókn í leikskólann í janúar og tóku út skólann bæði innan og utandyra.

Heilbrigðiseftirlitið gerði minni háttar athugasemdir innan dyra og má þar helst nefna gæðahandbók eldhúsa Kópavogs. Sú vinna liggur hjá Kópavogsbæ og vonumst við eftir skýrara eftirliti frá þeim von bráðar. Eins voru gerðar athugasemdir við gólf leikskólans þar sem leki átti sér stað árið 2023 og hefur enn ekki verið lagaður þrátt fyrir að ítrekað hafi verið send beiðni varðandi það.

Vinnueftirlitið gerði töluverðar athugasemdir við útisvæði leikskólans. Gerð hefur verið áætlun af Kópavogsbæ um töluverðar lagfæringar á lóðinni í kjölfarið á þeim athugasemdum og verður hafist handa við þær framkvæmdir vorið 2026.

Eldvarnareftirliti sinnir Gunnar húsvörður leikskóla Kópavogs einu sinni í mánuði og hefur það gengið mjög vel.

5. Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Austurkór er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar og má sjá í fylgisskjali 1.

6. Áherslur í starfi leikskólans

Næsta skólaár verður unnið áfram að efla starfsaðferðir, vinna að heildrænni sameiginlegri kennsluáætlun og fínþússa kennsluáætlanir deilda. Niðurstöður endurmats sýna að áfram eru tækifæri til umbóta í að efla hugmyndafræði Reggio Emilia, skráningar, virkt endurmat, þróa sameiginlegar leiðir og vinnubrögð, fræðslu starfsfólks, valdeflingu og aukinn sýnileika skólastarfs fyrir starfsfólk og foreldra. Markmiðið er að halda áfram að styrkja grunnstoðir skólans með vellíðan barna, foreldra og starfsfólks að leiðarljósi.

Áfram verður unnið markvisst með hreyfingu barna. Sérgreinastjóri heldur utan um reglulegar hreyfistundir í anda Young Athletes Program, YAP, þar sem markmiðið er að efla hreyfiproska, sjálfstraust og félagsfærni barna. Lögð verður áhersla á grunnhreyfingar, jafnvægi, samhæfingu, líkamsvitund, styrk og jákvætt viðhorf til hreyfingar og heilbrigðs lífsstíls. Verkefnið er ætlað öllum börnum óháð getu og verður þátttaka miðuð við þarfir og forsendur hvers barns. Hreyfistundirnar fara fram í öruggu, skipulögðu og hvetjandi umhverfi þar sem börn fá tækifæri til að æfa samvinnu, félagsleg samskipti og njóta sín í leik og hreyfingu. Þrír elstu árgangar leikskólans taka þátt í þessum hreyfistundum. Einnig fara tveir elstu árgangarnir í hreyfistund í HK-húsið einu sinni í viku.

Á yngri deildum verða jóga- og hreyfistundir vikulega sem deildastjórar yngri deilda halda utan um. Markmiðið er að efla hreyfigleði, líkamsvitund, einbeitingu og vellíðan barnanna og sem góður undirbúningur fyrir þær hreyfistundir sem sérgreinastjóri heldur utan um.

Áfram verður lög áhersla á að búa til ferðaáætlun fyrir ævintýraferðir til að hjálpa til við endurmat og gera ævintýraferðirnar markvissari. Með þessu gefst mögulega fleiri tækifæri til að skipuleggja ferðir út frá aldri, áhuga og þörfum barnanna og bjóða upp á fjölbreyttar upplifanir. Deildastjórar bera ábyrgð á skipulagi og endurmat yfir skólaárið.

Unnið verður áfram með að flétta tónlist markvisst inn í starfið á öllum deildum. Markmiðið er að kynna börnum tónlist sem tjáningar- og samskiptaform með fjölbreyttri tónlist, söng, hljóðfærum, hljóðum og takti. Lögð verður áhersla á að efla virka hlustun, næmni fyrir hljóðum, tjáningu og sköpun. Tónlist og söngur styðja jafnframt við orðaforða, málþroska og félagslega

Þátttöku barna. Ábyrgðaraðilar eru deildastjórar og sérkennari og verður lög áhersla á endurmat í lok hvorrar annar.

Virkjað verður betur skipulag og skráningar í kringum kennaraþing. Blöðunum verður safnað í kennaraþingsmöppu sem er merkt hverri deild. Þannig verða verkefnin ígrunduð frá upphafi, sýnileg og auðvelt fyrir alla að átta sig á hvað er verið að vinna að. Einnig verður starfsfólk eftir í skráningavinnu í anda Reggio Emilia í tengslum við verkefnin og gefa þessar skráningar innsýn inn í lærdóm barnanna.

Deildastjórar halda áfram að fínþússa kennsluáætlanir fyrir samverustundir og aðrar stundir í skólanum og koma því betur í æðakerfi skólans. Markmiðið er að tryggja að allt starfsfólk valdeflist í starfi, viti hvað unnið er að og geti fylgt áætlunum eftir með markvissum hætti. Deildastjórar og starfsfólk merkja jafnóðum við það sem lokið er og skrá breytingar ef þær verða og meta tvisvar sinnum í hverri lotu.

Stjórnendur kynna heimsmarkmiðin betur fyrir nýju starfsfólki í byrjun skólaárs. Deildastjórar og starfsfólk velja tvö heimsmarkmið sem einnig er hægt að tengja við Réttindaskólann og flétta við daglegt starf með markvissum hætti. Verkefnið verður metið í lok hvorrar annar.

Farsæld barna er komin vel á veg í skólanum en haldið verður áfram að koma þessu í æðakerfi skólans. Áfram verður farsældin kynnt nýjum foreldrum í upphafi skólagöngu, bæði í aðlögunarsamtali og foreldrafundi í ágúst. Starfsfólk og deildastjórar halda áfram að fá fræðslu um samþætta þjónustu og mikilvægi þess að vinna markvisst með velferð barna í samstarfi við foreldra. Reglulega verður unnið með gátlista tengda farsæld barna, staða barna endurmetin og sett ný markmið eftir þörfum. Deildastjórar halda áfram samtalinu lifandi inni á deildum og á deildarfundum.

Unnið verður að fjölbreyttum leiðum með læsi yfir skólaárið. Unnið verður með læsi í leik, söng, samveru, samræðum, bókalestri, bókabíó, orðabema, matartíma, fataklefa og annars staðar í umhverfinu. Lubbi og málhljóð verða unnin með í gegnum skólann þar sem áherslur eru mismunandi eftir aldri og unnið verður með orð eru ævintýri yfir skólann. Lestur í litlum hópum, söngur, þulur, sjónrænt efni, tilfinningalæsi og fjölmenningslæsi verða hluti af daglegu starfi.

Yfir skólaárið verður unnið að sameiginlegum leiðum og vinnubrögðum til að tryggja samræmi og samfellu milli deilda en það verður gert með sameiginlegri heildrænni kennsluáætlun í öllu námsefni skólans. Þetta mun auka gæði námsins, auðvelda endurmat og veita starfsfólki öryggi í starfi ásamt því að gera nám barnanna sýnilegra.

Lögð verður áhersla á fræðslu til foreldra og starfsmanna í tengslum við starf skólans. Fjölbreyttar leiðir verða farnar í því með foreldrafundum, veggspjöldum og fleira. Nýjung í ár verður að senda út fróðleiksmola í hverjum mánuði þar sem tekið er fyrir viðfangsefni sem gott er fyrir foreldra og starfsfólk að vita eins og hvernig er haldið utan um framfarir barna í málþroska, farsæld barna svo eitthvað sé nefnt.

7. Þróunar- og nýbreytnistarf

Skólaárið 2026-2027 verður unnið að þremur stórum verkefnum í skólanum er snúa að þróunar- og nýbreytnistarfi.

Haustið hefst með formlegri þróunarvinnu við innleiðingu Réttindaskóla UNICEF. Markmiðið er að styrkja mannréttindasýn leikskólans, efla þekkingu barna og starfsfólks á réttindum barna og flétta Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna inn í daglegt starf, samskipti og skipulag leikskólans. Verkefnið styður vel við gildi skólans um samvinnu, lýðræði og atorku.

Þróunarverkefnið Hreyfing í anda Young Athletes Program er verkefni með það að markmiði að efla hreyfigetu, sjálfstraust og félagsfærni barna í leikskólanum með reglulegum og skipulögðum hreyfistundum. Verkefnið mun stuðla að aukinni daglegri hreyfingu barnanna, eflingu grunnhreyfinga, jafnvægis, samhæfingar og líkamsvitundar. Einnig eykur verkefnið jákvætt viðhorf barnanna til hreyfingar og heilbrigðs lífsstíls og öll börn geta tekið þátt óháð getu. Í verkefninu verður lögð áhersla á að hafa umhverfið öruggt, hvetjandi þar sem börnin geta bætt félagsleg samskipti, samvinnu og fá að skína á eigin forsendum. Tilgangur verkefnisins er að byggja upp faglegt og markvisst hreyfipjálfunarkerfi í leikskólanum með stuðningi frá YAP hugmyndafræðinni, sem er alþjóðlega viðurkennd nálgun til að efla hreyfiproska ungra barna.

Þróunarverkefni Orðum þetta saman er verkefni sem felst í að búa til sögubundið námsefni, leiki og samræðuefni sem byggir á aðalnámskrá leikskóla, orðabema skólans og orðflokki MMS. Náms efnið á einnig að auðvelda starfsfólki að ná til barnanna, fanga athygli þeirra, efla orðaforða, tjáningu og leik með virkri þátttöku barnanna. Markmið verkefnisins er að gera faglegt og markvisst námsefni þar sem börnin eru þátttakendur í eigin lærdóm. Tilgangur verkefnisins er að þróa námsefni sem eykur orðaforða, eflir málskilning, frásagnahæfni, samskiptahæfni, sjálfstraust við tjáningu, leik og þátttöku.

8. Foreldrasamstarf

Foreldrar/Forsjáraðilar eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans. Foreldrar eru lykilaðilar í farsæld barna og samstarf við heimilin er mikilvægur þáttur í starfi leikskólans.

Foreldraráð

Hlutverk foreldraráðs er að koma á framfæri skoðunum foreldra varðandi skólastarfið, skipulag og áherslupætti námsins. Foreldraráð gefur umsagnir um ýmsar áætlanir og hefur áhrif á stefnumótun skólans. Foreldraráð er skipað þremur foreldrum ásamt leikskólastjóra og eru starfsreglur foreldraráðsins aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Hlutverk foreldrafélagsins er að vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í Austurkór, skipuleggja foreldrastarfið og standa fyrir ýmsum viðburðum sem auðga leikskólalífið. Foreldrafélagið er í góðum samskiptum við stjórnendur og skipuleggja saman ýmsa þætti í skólasamfélaginu. Í Austurkór er áhugasamt foreldrafélag sem sitja fjórir foreldrar af mismunandi deildum.

9. Starfsfólk

Í Leikskólanum Austurkór hefur verið lítið um mannabreytingar en gert er ráð fyrir 16,87 stöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 60 % stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 75% stöðu sérkennslustjóra og 200 % stöðugildi í eldhúsi. Að auki er ákveðið starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna.

Starfsmannahópurinn í leikskólanum er mjög fjölbreyttur. Í skólanum starfar matráður, starfsfólk með aðra háskólamenntun, leiðbeinendur, leikskólaliðar auk leikskólakennara. Í skólanum eru þó nokkrir sem stunda nám í leikskólakennarafræðum. Einn starfsmaður heldur áfram næsta vetur í meistaranámi við Háskólann á Akureyri ásamt því að tveir starfsmenn halda áfram í grunnnámi í leikskólakennarafræðum ýmist við Háskóla Íslands eða Háskólann á Akureyri.

10. Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka hæfni og faglegan og persónulegan þroska þess. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á skipulagsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann. Símenntun starfsfólks styður við faglegt gæðastarf leikskólans og stefnu menntasviðs. Skipulagsdagar, fagfundir og námskeið eru nýtt markvisst til þróunar starfsins. Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólk til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði.

Skipulagsdagar

Föstudagurinn 24. september. Skipulagsdagur: Skyndihjálparnámskeið, Réttindaskólinn og farsæld barna.

Miðvikudaginn 11. nóvember. Skipulagsdagur: Fræðsla í tengslum við Reggio Emilio, Kennaraþing og Krakkaping. Endurmat hafið fyrir haustönn, Jólaverkstæði undirbúið, Réttindaskólinn.

Mánudagurinn 11. janúar. Skipulagsdagur: Réttindaskólinn, farsæld barna, Þróunarverkefni Orðum þetta saman og YAP hreyfiverkefni kynnt.

Þriðjudaginn 9. mars. Skipulagsdagur: Brunavarnanámskeið, hvar stöndum við varðandi Réttindaskólann, endurmat hafið fyrir vorönn og unnið áfram með námsþætti sem verið er að styrkja.

Föstudaginn 7. maí. Skipulagsdagur: Endurmat á vorönn klárað, unnið að undirbúningi og skipulagi fyrir haustönn, hvar stöndum við varðandi Reggio Emilia, kennaraþing og krakkaþing og hópefli fyrir starfsfólk.

11. Aðrar upplýsingar

Fjöldi barna næsta leikskólaár er 97 talsins. Það verða 21 börn fædd 2021, 14 börn fædd árið 2022, 20 börn fædd árið 2023, 17 börn fædd árið 2024 og 26 börn fædd árið 2025. Börn með fjölbreyttan tungumála og menningabakgrunn verða 15 talsins þetta skólaárið. Elstu tvær deildirnar verða með börn fædd 2023 - 2021, miðju deildirnar verða með börn fædd 2025 - 2023 og yngstu deildirnar verða með börn fædd 2025. Á Austurkór eru 3 börn í 1 og 2 flokk í sérkennslu. Það eru 10 ÍSAT börn, og 6 börn sem eru tvítyngd.

12. Húsnæði og lóð

Skólaárið 2025 – 2026

Leikskólinn var málaður að innan á sumarmánuðum 2025 ásamt því að gólf voru bónuð. Unnið var að umbótum til að hafa öll svæði leikskólans opin. Gardinum var skipt út fyrir gamlar á þremur deildum. Enn er verið að vinna í að laga leka frá útihurð við Sjónarhól svo hægt sé að klára að laga gólfið fyrir framan hurðina.

Ýmislegt er enn í ólagi á lóð skólans, svo sem grasfletir, gúmmíhellur, hellulögn og vöntun á leiktækjum fyrir yngri börn. Það er búið að biðja um að laga þessa hluti og eru þeir í langtíma ferli. Seinustu ár hefur verið óskað eftir fleiri leiktækjum á lóðina sem henta ungum börnum. Ljóst er að aldurssamsetning barna seinustu skólaár er með þeim hætti að skólalóðin þjónar ekki nægjanlega vel þeirra þörfum. Höfum við fengið loforð um endurbætur á lóð sem framkvæma á vor 2026.

13. Öryggismál

Leikskólinn starfar eftir skýrum öryggis- og viðbragðsáætlunum. Öryggisnefnd og áfallaráð tryggja markviss viðbrögð og atvik eru skráð í viðeigandi kerfi. Í öryggisnefnd sitja Lilja Vattnes leikskólastjóri sem öryggisvörður og Svanhvít Friðriksdóttir sem öryggistrúnaðarmaður, kosin af starfsfólki.

Í áfallaráði sitja Lilja leikskólastjóri, Svanhvít aðstoðarleikskólastjóri og Ragnheiður Gróa sérkennslustjóri.

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Sjóvá.

Skólaárið 2025 - 2026 voru fjögur atvik skráð vegna minniháttar slysa á börnum og eitt atvik var skráð vegna fjarveru slys á starfsmanni, starfsmaður rifbeinsbrotnaði og var frá vinnu um tíma. Atvikin tengjast ekki ákveðnum svæðum og voru öll minniháttar.

14. Lokaorð

Starfsáætlun Austurkórs fyrir skólaárið 2026–2027 endurspeglar stefnu Kópavogsbæjar um börnin í fyrsta sæti, faglegt gæðastarf og farsæld barna. Markmiðið er að skapa öruggt, hvetjandi og inngildandi leikskólaumhverfi þar sem hvert barn fær að blómstra.

15. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun

Fylgiskjal 3 - Skóladagatal

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 1 Umbótaáætlun						
Viðfangsefni/markmið	Vegna	Aðgerðir til umbóta	Tímarammi	Ábyrgð	Viðmið um árangur	Staða
Deildastjórar og starfsfólk munu setja upp ferðaáætlun fyrir ævintýraferðir. Eina áætlun fyrir haustönnina og aðra fyrir vorönnina. Þar er skráð niður markmið með hverri ferð, stærð hópa, hvert er farið og svo framvegis. Jafnóðum yfir önnina er svo tékkað í áætlunina og skrifaðar niður breytingar og ástæður fyrir þeim. Endurmat gert tvisvar á ári.	Endurmat á námsþættinum sjálfbærni og vísindi og læsi og samskipti. Endurmat stjórnenda	Deildastjórar og starfsfólk mun setja saman ferðaáætlun fyrir ævintýraferðir sem hægt er að velja úr og jafnvel tengja þær við námsefni sem er verið að vinna með á deildunum. Deildarnar endurmeta ferðirnar yfir skólaárið svo hægt sé að gera úrbætur ef þarf og finna fleiri lærdómstækifæri.	Verklok í maí 2027	Deildastjórar	Tilbúin ferðaáætlun sem tékkað er í jafnóðum ásamt breytingum ef verða. Endurmat yfir allt árið mun gefa viðmið um árangur.	Ævintýraferðir eru reglulegar og markvissari en halda mætti enn betur utan um endurmat ferða.
Nýta tónlist og hljóðfæri betur og hafa fjölbreyttari tónlist	Endurmat á námsþættinum sköpun og menning	Deildastjórar og starfsfólk munu setja inn í starfsáætlun deildarinnar fjölbreyttar tónlistastundir sem þar sem markmiðið er að kynna þau fyrir músíkölskum samskiptum eins og fjölbreyttri tónlist, hljóðfærum og tónum ásamt því að efla virka hlustun og næmni þeirra fyrir hljóðum því það eykur félagslegan og tónlistalegan þroska þeirra. Tónlist í allri sinni mynd eykur jafnframt orðaforða og eflir málþroska. Endurmeta þarf einu sinni á önn.	Verklok eru í maí 2027	Deildastjórar og sérkennari með elstu barna starf	Hægt sé að sjá í kennsluáætlun yngstu deildanna skipulag á tónlistarstundum fyrir deildina og kennsluáætlun hjá sérkennara. Endurmat á hverri önn gefur viðmið um árangur.	Starfsfólk er duglegt að syngja og spila tónlist með börnunum. Notkun hljóðfæra í stundum hefur aukist en enn vantar samfellu yfir skólann og betra endurmat.

Að fara á dýptina með hreyfistundir í anda Young Athletes Program, YAP, þar sem markmiðið er að efla hreyfiproska, sjálfstraust og félagsfærni barna.	Endurmat stjórnenda og starfsmanna	Sérgreinastjóri verður áfram með hreyfistundir á eldri deildunum í anda YAP. Á yngri deildunum verður jóga/hreyfistund í hverri viku sem starfsfólk deildanna sér um. Endurmetið einu sinni á önn.	Verklök eru í maí 2027	Sérkennslustjóri og deildastjórar yngri deilda	Hægt verður að sjá dagsskipulag yfir YAP hreyfistundir og jóga/hreyfistundir. Endurmat einu sinni á önn mun gefa viðmið um árangur ásamt YAP prófum.	Deildirnar eru duglegar að vera með hreyfistundir og samfellan er orðin góð. Nú langar okkur að fara á dýptina.
Virkja þarf betra skipulag og skráningar í kringum kennaraþing sem gefur betri innsýn inn í markmið verkefnis. Verkefnin sem þegar eru gerð eru góð en vantar meiri sýnileika og hver tilgangurinn er með hverju verkefni. Kenna þarf skráningar í anda Reggio Emilia.	Endurmat á námsþættinum sjálfbærni og vísindi Endurmat stjórnenda	Kennaraþingsblöð verða virkjuð aftur og notuð í gegnum verkefnið. Blöðunum verður safnað saman í kennaraþingsmöppu sem merkt er hverri deild. Þannig verða verkefnin ígrunduð frá upphafi, sýnileg og auðvelt fyrir alla að átta sig á hvað er verið að vinna að. Að lágmarki ein skráning í anda Reggio er svo gerð í tengslum við verkefnið í kennaraþinginu. Skráninguna er svo hægt að nota í ferilmöppur, jafnóðum fyrir börnin inni á deildum, fyrir starfsmenn eða foreldra í lotulokum. Endurmat í lok hverrar annar.	Verklök eru í maí 2027.	Stjórnendateymi skólans.	Útfyllt kennaraþingsblöð sem sýna ferli verkefnisins, áherslu í kennslu og ígrundun. Skráningar í anda Reggio Emilia sem sýna lærdómstækifæri barnanna.	Kennaraþing eru gerð á öllum deildum en það vantar upp á skráningar yfir ferlið og í anda Reggio Emilia.

Samverustundir eru uppfullar af flottum lærdómi á hverri deild og kennsluáætlanir notaðar á öllum deildum sem innihalda hvað á að leggja áherslu á hverju sinni og hver áherslan er á hvaða aldursbili. Við ætlum að halda áfram að fínþússa áætlanirnar og koma því betur í æðakerfið.	Endurmat á námsþættinum læsi og samskipti Endurmat stjórnenda	Deildastjórar og starfsfólk fylgja kennsluáætlun eftir í ákveðin tímaramma og merkja jafnóðum við hvað er klárað og ef það verða breytingar að skrifa það einnig inn. Endurmeta eftir hvern tímaramma sem er sirka tvisvar í lotu.	Verklok á öllu endurmati þessu tengdu er lokið í maí 2027	Ábyrgðaaðilar við endurmat í lok ákveðins tímaramma (tvisvar í lotu) eru deildastjórar.	Kennsluáætlun deildar fylgt eftir og skilað góðu endurmati tvisvar í lotu.	Markvissar samverur á hverri deild þar sem fylgt er eftir kennsluáætlun. Nú viljum við fínþússa og koma þessu betur í æðakerfið.
Vinna þarf markvissara með heimsmarkmiðinn en nú þegar er er gert en það er ekki nógu markvisst. Einnig viljum við tengja þetta inn í Réttindaskólann.	Endurmat á námsþættinum sjálfbærni og vísindi	Stjórnendur þurfa að kynna heimsmarkmið betur fyrir nýju starfsfólki. Nýta þarf tíma í byrjun skólaárs til þess. Stjórnendur velja heimsmarkmið sem einnig tengjast Réttindaskólanum og vinna með í gegnum skólaárið. Deildastjórar flétta þessi heimsmarkmið markvisst inn í starfið. Metið í lok hvorrar annar.	Verklok á kynningu og vali á heimsmarkmiðum er september 2026. Verklok á því að vinna markvisst með markmiðin er í maí 2027.	Ábyrgðaraðilar að kynna heimsmarkmiðin og velja áherslur eru stjórnendur og deildastjórar. Ábyrgðaraðilar í að flétta markmið markvisst inn í starfið eru deildastjórar.	Endurmat í lok haust og vorannar mun gefa viðmið um árangur.	Ekki eru allir nýir starfsmenn með á hreinu hvernig heimsmarkmiðin tengjast inn í skólastarfið. Bæta þarf úr þessu og vera með markvissari vinnu með markmiðin.
Það hefur gengið vel að koma Farsæld barna inn í vegg skólans síðasta skólaár en markmiðið er að halda því áfram til að starfsfólk, foreldrar og börn séu með þetta í æðakerfinu. Einnig viljum við tengja þetta inn í Réttindaskólann því hann er byggður á Barnasáttmálanum eins og Farsældin.	Endurmat á farsæld barna	Farsæld barna kynnt í aðlögunarviðtölum með foreldrum og á foreldrafundi í byrjun annar. Fræðsla fyrir deildastjóra í tengslum við það hvernig best er að kynna samþætta þjónustu. Halda áfram að fylla reglulega út gátlistana tengt farsæld barna og endurmeta. Deildastjórar	Verklok maí 2027	Ábyrgðaraðilar eru stjórnendur í leikskólanum. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri eru ábyrgir fyrir fræðslu handa deildastjórum og starfsfólki. Að kynna fyrir nýjum foreldrum,	Endurmat gert í lok haust og vorannar og gátlistar reglulega útfylltir. Mun þetta gefa viðmið um árangur.	Staðan er góð með farsæld barna og samþætta þjónustu í leikskólanum og er komin í góðan farveg hjá stjórnendum. Þegar er byrjað að víkka hringinn og

		halda uppi samtalinu inni á deild og á deildarfundum. Í vinnu með Réttindaskólann er skoðað hvernig farsældin fléttast inn í.		panta alla fræðslu og tengja við Réttindaskólann. Deildastjórar og aðrir stjórnendur eru með ábyrgð á að halda þekkingunni á lofti inni á deild og á deildarfundum.		koma þessu til allra starfsmanna. en nú heldur sú vinna áfram.
Auka enn frekar notkun fjölbreyttra leiða til að vinna með læsi, svo sem sýnilegt ritmál í umhverfi.	Endurmat á læsi og samskipti	Deildastjórar og starfsfólk munu setja inn í kennsluáætlun og/eða starfsáætlun deilda fjölbreyttar leiðir til að vinna með læsi og gera sýnilegra í umhverfinu.	Verklök eru í september 2026	Ábyrgðaraðilar eru deildastjórar	Starfsáætlun deilda og/eða kennsluáætlun mun sýna hvað verður gert. Endurmat í lok haust og vorannar mun gefa viðmið um árangur.	Það er þegar verið að vinna með læsi og ritmál er þegar sýnilegt í umhverfinu en mætti vera enn öflugra á öllum sviðum starfsins.
Halda áfram að þróa sameiginlegar leiðir og vinnubrögð til að tryggja samfellu og samræmi milli deilda.	Endurmat á læsi og samskipti	Stjórnendur munu halda áfram að vinna að sameiginlegum leiðum og vinnubrögðum til að tryggja samræmi milli deilda með því að búa til sameiginlega heildræna kennsluáætlun sem sýnir hvað börnin eiga að læra á hverju aldursári.	Verklök eru desember 2026.	Ábyrgðaraðilar eru stjórnendateymi skólans	Fullgerð heildræn sameiginleg kennsluáætlun til staðar í maí 2027	Þegar er komin samfella og samræmi milli deilda í helsta námsefninu en það þarf að búa til heildræna sameiginlega kennsluáætlun yfir allt námsefni.

Auka markvissa miðlun til foreldra um aðferðir sem notaðar eru til að meta framfarir í málþroska.	Endurmat á læsi og samskipti og endurmat frá foreldrum	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri munu gefa út fróðleiksmola er snúa að faglegu starfi og verður meðal annars tekið fyrir málþroski í þeim póstum og þannig miðla til foreldra hvernig haldið er utan um framfarir í málþroska barnanna.	Verklok eru í maí 2027	Ábyrgðaraðilar eru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri	Endurmat í lok haust og vorannar mun gefa viðmið um árangur.	Fróðleikur til foreldra en núna mest á heimasíðu, vikupóstum deildar, foreldrafundum og foreldrasamtölum. Út frá endurmati vantar ýtarlegri fróðleik um faglega starfið og þar á meðal málþroska til foreldra.
---	--	---	------------------------	---	--	--

Dæmi Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun						
Þátttakendur	Lýsing á námskeiði	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk	Deildafundir	Upplýsingagjöf, endurmat, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	1x í viku	Unnið á vinnutíma	Deildastjórar / Leikskólastjóri
Stjórnendur skólans	Stjórnendafundir	Upplýsingagjöf, endurmat, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	1x í viku	Unnið á vinnutíma	Deildastjórar / Leikskólastjóri
Sérkennslustjóri og sérkennarar	Sérkennslufundir	Upplýsingagjöf, endurmat, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	1x í viku	Unnið á vinnutíma	Sérkennslustjóri/ Sérkennarar
Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri	Samráðsfundir	Upplýsingagjöf og endurmat	Allt skólaárið	1x í viku	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri/ aðstoðarleikskólastjóri/ sérkennslustjóri
Starfsfólk í endurmatsteymi	Endurmatsfundir	Upplýsingaöflun og endurmat	Allt skólaárið	5 vikna fresti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri/ endurmatsteymi

Fagfólk	Fagfundir	Fræðilegar umræður og stefnumótavinna	2 x á önn	2 tímar í yfirvinnu	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Starfsmannafundir	Samráð, fræðsla, endurmat, stefnur og öryggisþættir	2 x á önn	2 tímar í yfirvinnu	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Til að gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða sjálfan sig í starfi og að gefa þeim tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans.	Þrisvar á ári	30 mín pr. Starfsmann	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla	Farið yfir starfslýsingu, hvernig gengur, starfsmannahandbókina	1-2x mánuði í 3 mánuði	30 mín í hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og mentor
Allt starfsfólk	Skipulagsdagur	Skyndihjálparnámskeið, Upphaf á innleiðingu Réttindarskólans, Fræðsla í tengslum við farsæld barna	24.sept	8 tímar	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Skipulagsdagur	Fræðsla í tengslum við Reggio Emilia, kennaraþing og krakkaþing. Áframhald með Réttindaskólann,	11.nóv	8 tímar	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri

		Endurmat haustannar, Jólaverkstæði undirbúið.				
Allt starfsfólk	Skipulagsdagur	Áframhald með Réttindaskólann og tenging við farsæld barna, þróunarverkefni Orðum þetta sama og YAP hreyfiverkefni kynnt	11.janúar	8 tímar	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Skipulagsdagur	Hvar stöndum við með Réttindaskólann, Endurmat vorannar hafið og unnið áfram með námsþætti sem verið er að styrkja. Brunavarnanámskeið	9.mars	8 tímar	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Skipulagsdagur	Endurmat á vorönn klárað og unnið að undirbúningi og skipulag fyrir haustönn. Hópefli fyrir starfsfólk. Staða tekin á Reggio Emilia, kennaraþingum og krakkaþingum.	7.maí	8 tímar	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri

Fylgiskjal 3 - Skóladagatal 2026 - 2027

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2026 - 2027

Nafn skóla:

Leikskólinn Austurkór

	AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 S	1 Þ	1 F	1 M	1 M	1 F	1 L	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M	3 F	3 L	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 F	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 S	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ
7 F	7 M	7 L	7 L	7 M	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ	8 F	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 F	10 L	10 F	10 L
11 Þ	11 S	11 F	11 F	11 M	11 Þ	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 F	12 L	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 M	12 F	12 L	12 M	12 M
13 F	13 M	13 M	13 F	13 M	13 Þ	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ
14 F	14 M	14 M	14 F	14 M	14 Þ	14 M	14 L	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ
15 L	15 Þ	15 F	15 F	15 M	15 Þ	15 M	15 L	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ
16 S	16 M	16 M	16 F	16 M	16 Þ	16 M	16 L	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 M	17 F	17 L	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 F	17 L	17 M	17 L
18 Þ	18 S	18 F	18 F	18 M	18 Þ	18 M	18 L	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 Þ
19 M	19 M	19 M	19 F	19 M	19 Þ	19 M	19 L	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ
20 F	20 L	20 L	20 Þ	20 M	20 F	20 S	20 M	20 M	20 F	20 L	20 M	20 M
21 F	21 M	21 M	21 F	21 M	21 Þ	21 M	21 L	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ
22 L	22 Þ	22 F	22 F	22 M	22 Þ	22 M	22 L	22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ
23 S	23 M	23 M	23 F	23 M	23 Þ	23 M	23 L	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
24 M	24 F	24 L	24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 M	24 F	24 L	24 M	24 M
25 Þ	25 S	25 F	25 F	25 M	25 Þ	25 M	25 L	25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 Þ
26 M	26 M	26 M	26 F	26 M	26 Þ	26 M	26 L	26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 Þ
27 F	27 L	27 L	27 Þ	27 M	27 F	27 S	27 M	27 M	27 F	27 L	27 M	27 M
28 F	28 M	28 M	28 F	28 M	28 Þ	28 M	28 L	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ
29 L	29 Þ	29 F	29 F	29 M	29 Þ	29 M	29 L	29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ
30 S	30 M	30 M	30 F	30 M	30 Þ	30 M	30 L	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ
31 M	31 F	31 L	31 L	31 Þ	31 F	31 S	31 M	31 M	31 F	31 L	31 M	31 M

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Tillögur / hugmyndir að umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs (þessir punktar eru einungis hugsaðir til að hafa til hliðsjónar fyrir foreldraráð við yfirlestur starfsáætlunar)

Inngangur/almennt

T.d. hlutverk ráðsins (er m.a. að gefa umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans, sbr. 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og á grundvelli þess er eftirfarandi umsögn veitt)

Umsögn:

Hvernig er starfsáætlunin unnin?

- Lýsir hún starfsemi leikskólans;
 - markmiðum, áherslum og leiðum?
 - hvernig unnið er með börnunum til að þeim líði sem best?
 - hvernig starfsemin fléttast áherslupáttum leikskólans?
 - fyrirhugaðri foreldrasamvinnu – upplýsingum til foreldra
 - foreldraviðtölum, og hvernig hægt er að nálgast upplýsingar um starfsemina?
 - hvernig matið í leikskólanum fer fram og hvaða matstæki eru notuð?
- Gefur hún yfirlit yfir starfsmannahópinn (menntun, reynslu o.fl.)

Lokaorð:

T.d. í heildina telur foreldraráð að starfsáætlunin sé vel unnin og lýsi vel því starfi sem framundan er.

Undirskrift foreldraráðs
